

5. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á launin að viðbættri þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum. 30. júní

48

6. gr.

Verðlagsuppbót greiðist einnig á skrifstofufé og embættiskostnað, sem embættis- og starfsmönnum er greitt úr ríkissjóði, að undanskilinni húsaleigu og húsaleigu- styrk.

7. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrki þá, sem greiða ber samkv. lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla, svo og á styrki til iðnskóla.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig sömu verðlags- uppbót á þann styrk, sem þeim ber að greiða viðkomandi skóla, og greidd er em- bættis- og starfsmönnum ríkisins þann tíma, sem skólarnir starfa.

8. gr.

Hámarksákvæði niðurlags 3. gr. gilda ekki um greiðslur samkvæmt 6. og 7. gr.

9. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

10. gr.

Rísi ágreiningur út af ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkv. lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr til fullnaðar. Heimilt er ráðherra að setja reglu- gerð um nánari framkvæmdaratriði þessara laga.

11. gr.

Ákvæði laga þessara gilda frá ársbyrjun 1942. Eru jafnframt úr gildi fallin lög nr. 8 1941 og lög nr. 60 1941.

Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald.

49

30. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam- þykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, skulu gæta þess, að hin stimpilskylda upphæð hvers skjals sé rétt tilgreind, og geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimpl- unina og afhenda skjalið beiðanda. Þegar afsalsbréf eða leigusamningar greina ekki

49 hina stimpilskyldu upphæð, ber að áætla hana það háa, að víst sé um það, að söluverð eða leiga hafi ekki hærra verið í raun og veru. Verð fasteigna undir slíkum kringumstæðum skal aldrei áætla lægra en tvöfalt fasteignamat hinnar seldu eignar. Ef gjaldandi er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn stimplunarmanns. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

50

30. júní

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ráðherra sá, sem fer með tryggingamál, hefur tjáð mér það, að með því að breyting sú, sem gerð var á lögum um tekju- og eignarskatt á síðasta Alþingi, er hætt var að leyfa frádrátt á greiddum skatti og útsvari, hafi það í för með sér að fleiri gjaldendur, en búist var við eftir hinum eldri ákvæðum hafi nú meiri skattskyldar tekjur, en þær 4500 kr., sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, sem hámark fyrir því að njóta samlagsréttinda gegn einföldu iðgjaldi, þá telji ríkisstjórnin það mjög aðkallandi, að téð hámark verði með bráðabirgðalögum hækkað upp í kr. 5500.00.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn beri til þess að skipa framangreindu máli nú þegar í samræmi við það, sem að ofan segir, tel ég rétt að setja, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Í 24. gr. laganna í stað „kr. 4500.00“ komi: kr. 5500.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1942.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.